

Fornleifakönnun vegna Norðausturvegar



Sædís Gunnarsdóttir



**Fornleifastofnun Íslands
FS259-04271
Reykjavík 2004**

Mynd á forsíðu er af hlöðnum grunni í landi Daðastaða

© *Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is*

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um mat á umhverfisáhrifum	6
3. Fyrri athuganir og skráning	8
4. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði	9
NP-068 Brekka	11
NP-070 Presthólar	17
NP-072 Valþjófstaðir	20
NP-075 Daðastaðir	22
NP-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð	25
5. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar	26
6. Niðurstaða - Tillaga um aðgerðir	29
7. Niðurlag	30
8. Heimildaskrá	31
8. Viðauki. Fornleifakort	33

1. Inngangur

Fyrirhuguð er uppbygging vegar og lagning bundins slitlags á Norðausturveg frá Sveltingi að Brekku í Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahreppi) í Norður-Þingeyjasýslu. Vegurinn mun að stærstum hluta liggja á sama stað og hinn gamli vegur, nema í landi Daðastaða þar sem til stendur að færa veginn niður í fjöruna nokkuð vestar en núverandi vegur liggur. Vegurinn liggur að mestu um land fjögurra jarða, Daðastaða, Valþjófsstaða, Presthóla og Brekku.

Haustið 2004 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Fyrir lá svæðisskráning fyrir hluta jarðanna á framkvæmdarsvæðinu sem unnin var fyrir sömu verkkaupa árið 2001. Hafist var handa við að ljúka svæðisskráningu í hreppnum og hafa alls verið skráðar heimildir um 217 fornleifar á þeim jörðum sem liggja frá Sveltingi að Brekku.

Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fornleifum á rannsóknarsvæðinu. Markmið athugunarinnar var að kanna ritheimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga. Einnig var gengið um svæðið og það kannað í þaula á vettvangi. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í þetta sinn var ákveðið að skrá allar minjar sem eru í innan við 100 m fjarlægð frá veglínunni eins og hún er nú áætluð. Þetta er til hagræðis, bæði fyrir framkvæmdaaðila og þá sem hafa verndun minja að leiðarljósi. Þó er ljóst að færstar minjanna á þessu svæði eru í stórhættu vegna framkvæmdanna. Í landi Daðastaða þar sem heimamenn og Vegagerðin hafa ekki náð að koma sér saman um endanlega staðsetningu vegastæðisins eru skráðar minjar í allt að 100 m fjarlægð frá báðum mögulegum vegalínunum, þ.e. 100 m austur frá núverandi þjóðvegi þó svo þær minjar munu ekki vera í neinni hættu ef Vegagerðin færir vegalínuna vestur að sjónum. Ekki var ljóst við skráningu hvar efnistökuastaðir verða en hafa ber í huga að þar sem ekki hafa verið skráðir allir minjastaðir á jörðunum þarf að gæta sérstaklega að því að ekki séu fornleifar á þeim stöðum sem verða valdir til efnistöku.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við

umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir. Árið 2002 skráðu Uggi Ævarsson og Oddgeir Hansson fornleifar vegna fyrirhugaðs vegar um Öxarfjarðarheiði og er notast við þá skráningu þar sem rannsóknarsvæðin skarast.² Sædís Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur, vann svæðisskráninguna og sá um vettvangsvinnuna þann 21. október 2004. Hún sá einnig um úrvinnslu gagna og ritun þessarar skýrslu. Sérstakar þakkir fá heimildamenn og starfsmenn Vegagerðarinnar á Akureyri fyrir margvíslega liðveislu.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslandss, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

² Oddgeir Hannsson og Uggi Ævarsson: *Fornleifakönnun. Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002

2. Um mat á umhverfisáhrifum

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: ”Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.” Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Mínjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa (sbr. 9. gr. þjóðminjalaga).

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: “Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Við allar meiriháttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.”

3. Fyrri athuganir og skráning

Engir af fornleifakönnuðum 19. aldar greina frá fornleifum á rannsóknarsvæðinu og þar hafði engin skipulögð fornleifaskráning farið fram áður en Fornleifastofnun Íslands gerði þar svæðisskráningu sumarið 2001 og síðan aðalskráningu á nokkrum jörðum sumarið 2002 eins og áður var getið. Kuml fannst í landi Daðastaða árið 1956 og gerði Kristján Eldjárn rannsókn þar í ágúst sama ár.³ Ein friðlýst fornleif er á svæðinu, Dys í landi Valþjófsstaðar. Hún er innan 100 m frá vegastæðinu og því skráð hér. Hún hefur ekki verið rannsökuð en var friðlýst árið 1931.⁴

Á 20. öld hafa menn víða tekið eftir fornleifum á rannsóknarsvæðinu og er þeirra getið í örnefnalýsingum sem ritaðar hafa verið eftir frásögnum staðkunnugra. Flestar lýsingarnar eru gerðar af Skúla Skúlasyni á sjötta áratug 20.aldar, en þær síðan endurskoðaðar af Ara Gíslasyni á sjöunda áratugnum og aftur á áttunda áratugnum af Kristjáni Eiríkssyni.

³ Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson: *Kuml og haugfé*, Reykjavík 2000

⁴ Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá*, 54

4. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar sem eru nálægt hinu áætlaða vegarstæði. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á þeim jörðum sem koma við sögu, sem eru í grennd við framkvæmdarsvæðið. Aftast í skýrslunni er svo að finna loftmyndir þar sem allir þekktir minjastaðir um 100 m beggja megin við Norðausturveg eru merktir inn.

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, NP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er jarðaspjald þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparstöðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NP-123:024).

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða

Sýslutákn	Númer jarlar eins og í Jarðatali Johnsens 1847	Númer fornleifar í tiltekntum þæli	Sérheiti	Tegund fornleifar	Hlutverk fornleifar
BO-104:025		Gömlugömluhús	tóft	beitarrús	

“Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu,” segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingu og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstöðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en úrveggirnar. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið lundir um. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vistar fyrir gördum né hlöðu eða heygardi.

Hættumat: engin hætt
Heimildir: Ó-Höfn, 6-7

heimild sem vitað er í, nánari færsla í heimildaskrá

hættumat: engin hætt
t.d. = framkvæmd eða náttúruafala

Uppdráttur: Grönn veggur svartir, gróðrilettur skárikabur

Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

átttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað er að frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstaðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í námunda við framkvæmdasvæðið.

NP-068 Brekka

8 hdr 1712. 1712 eru tvær eyðihjáleigur Brekkusel og Mógerði. JÁM XI, 333. Grasgeyri býli í Hólsheiði 1859. Garður nýbýli 1907.


1712: “Túninu spillir sandfok til stórskaða, þó hefur það ekki enþá eyðilagð það til stórsþjalla. Engið er smáfengið og slitrótt. Úthagarnir eru bjarglegir. Vatnsvegur er langur og erfiður.” JÁM XI, 333. 1839: “Hefur stórt tún en undirorpið sandgangi, sömuleiðis engjarnar sem er rétt fyrir neðan túnið.” SSP, 236. 1920: Tún 4,5ha, þar af 3 ha slétt. Túnaukar 1,2 ha, allt slétt. “Bærinn og aðrar byggingar standa á hæðarbrún stuttan spöl sunnan Snartarstaða. Hækkar hæðin til vesturs frá bænum og heitir þar Brekkuhóll, en sunnan undir hæðinni er mýrlendi með starartjörn, en þar sunnan við er Brekkuhamar, allmikil grjóthæð sem er nú að gróa upp vegna mikillar natni ábúenda að fegra umhverfið og bæta. Austan og ofan bæjar tekur svo við Rauðhólhraun, allvel gróið og gott og skjólsamt beitiland. Milli hrauns og bæjar er svo ræktunarlandið og blasa þar við stór tún. Ræktunarlandið liggur upp með Kollufjalli og er þar enn hægt að rækta mikið.” LF, 436.

NP-068:013 Brekkusel tóft býli/sel

66°16.760N 16°24.297V



Brekkusel, NP-068 : 013. Horft til suðausturs



Bæjarrústin í Brekkuseli NP-068 :013 a.

1712: “Breku Sel, eyðihjáleiga. Bygð fyrir 52 árum á selstæði heimajardarinnar, og varaði bygðin 14 ár, en hefur hvorki bygst áður nje síðan.” “Sunnan við Syðrikróka hefur hraunið runnið að mel, sem liggur suður frá Hrafnholti og heitir Brúarmelur. Vestan við Brúarmel, rétt utan við Klapparósinn, er gamalt eyðibýli, sem heitir Brekkusel. Þar sér vel fyrir túni og görðum.” segir í örnefnaskrá. Tvö Brekkusel eru í landi Brekku og er annað inni á Seljaheiði um 20 km austur frá Brekku, en hitt, sem hér er skráð, er suður undir Klapparós. Selið er á hól í kverk á milli þjóðvegur og heimreiðar að Katastöðum, um 220 m norðvestur af rafstöð sem er við Klapparósinn. Á þessum slóðum rennur Klapparósinn á merkjum á milli Brekku og Katastaða.

Lyngi- og grasi vaxinn hryggur á svæði sem afmarkast af þjóðveginum í vestri, veginum að Katastöðum í norðri og austri, en Klapparósnum í suðri. Fyrir neðan hrygginn (að vestan- og sunnanverðu) er lyngi og grasi- vaxin flóamýri, þýfð á köflum.

Bæjarrústin (a) stendur á hól í miðju túni sem umlukið er talsvert signum túngarði. Umhverfis bæjarrústina í túninu, eru 5 tóftir, líklega eftir útihús sem skráðar eru hér sem b, c, d, e, f, g. Túngarðurinn er skráður sem h. Bæjarrústin sem er um 28 x 9 m að stærð, er mikið sigin og gróin og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Er rústin mynduð af þremur reglulegum dokkum en lítið ber á að hleðslur standi upp úr jörðinni. Tóft b er um 20 m norður af bæjarrústinni (a). Tóftin sem stendur aðeins hærra en tóft a er um 15 x 7 m að stærð. Hún er mikið sigin og gróin svo erfitt er að átta sig á lögun hennar. Hún virðist þó skiptast í fjögur hólf. Op eru ekki greinileg á milli hólfana eða á útveggjum. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóft c er um 10 m VSV frá tóft a. Um er að ræða 0,5 m djúpa dokk sem er um 10 x 6 m að stærð. Talsvert rof er í veggjum. Tóft d er um 40 m vestur af tóft a. Tóftin sem er

einföld, er um 16 x 5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Tóftin er talsvert sigin og hleðslur hlaupnar í

þúfur og er hún gróin grasi og lyngi. Dyr eru ekki greinilegar. Tóft e er syðst á rústasvæðinu í Brekkuseli um




Tóft NP-068013 b.



Tóft NP-068 :013 b. Horft til austurs

80 m suðsuðvestur af tóft a. Tóftin er þrískipt, 13 X 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðsluhæð er mest um 0,4 m. Op er við norðvesturhorn hennar. Tóft f er um 2 m norður af tóft e. Tóftin er um 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Á vestanverðum suðurvegg og sunnanverðan vesturvegg eru rof í tóftina og er hún opin við suðvesturhornið. Tóft g er vestast á rústasvæðinu í Brekkuseli við Klapparósinn um 20 m vestur af tóft d. Tóftin snýr norður-suður og er 11 x 9 m að stærð. Hún er þrískipt, samsett úr misstórum samsíða hólfum. Miðhólfid er opið í norðurenda en ekki eru greinileg op á hinum hólfunum. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Túngarður h sést greinilega meðfram austur-, vestur- norðurjaðri rústasvæðisins, en er illgreinanlegur við suðurjaðarinn. Við norðurjaðarinn er lengd garðsins um 40 m, við



Tóft NP-068 :013 c.




Tóft NP-068 :013 c. Horft til suðurs..

austurjaðarinn 125 m og 75 m við vesturjaðarinn. Hleðsluhæðin er að jafnaði um 0,5 m og er breidd hans 0,5- 1 m. Garðurinn virðist vera eingöngu úr torfi þar sem hvergi sést í hleðslugrjótt. Þó er mögulegt að gróið sé yfir það. Fjórar tóftir eru sambyggðar garðinum við austurjaðar rústasvæðisins, tvær við garðinn austanverðan og tvær við hann vestanverðan. Fyrst skal telja tóft h1. Hún er um 17 x 3 m að stærð og sambyggð túngarðinum að vestanverðu. Tóftin er tvöföld og er hleðsluhæð mest um 0,5 m. Hún er samsíða garðinum á lengdina og er opin í norðurenda. Tóft h2 er sambyggð garðinum að austanverðu, gegnt tóft h1. Hún er um 5 x 2 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin er mynduð af einum vegg sem gengur í sveig út frá túngarðinum og liggja báðir endar hans að túngarðinum. Ekkert op er því á tóftinni. Tóft h3 er sambyggð túngarðinum að vestanverðu, um 50 m norður af tóft h1. Tóftin er um 6 x 3 m að stærð, og samsíða túngarðinum á lengdina. Hún er mynduð af einum vegg sem sveigist út frá túngarðinum og liggur norðurendi hans að garðinum en tóftin er opin í suðurenda. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft h4 er sambyggð túngarðinum að austanverðu, um 35 m suður af tóft h2. Tóftin er um 8 x 3 m að stærð og samsíða garðinum á lengdina. Hleðsluhæð er um 0,5 m og eru dyr á suðurenda tóftarinnar. Heildarstærð rústasvæðisins í Brekkuseli er um 120 x 125 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Tóft NP-068 :013 d. Horft til suðurs. .



Tóft NP-068 :013 d. .




Tóft NP-068 :013 e. Horft til vesturs.



Tóft NP-068 :013 e



Tóft NP-068 :013 f. Horft til norðausturs..




Tóft N068 :013 f.



Tóft-NP-068 :013 g



Tóft NP-068 :013 g. Horft til suðurs.



Túngarðurinn í Brekkuseli, NP-068 :013 h.

NP-068:019 hleðsla brú

66°16.683N 16°24.889V



“Við Klapparhamra var áður brú á Ósnum og sést þar til hleðslu í bökkunum enn í dag.” segir í örnefnaskrá. Leifar brúar eru um 200 m vestur frá þjóðvegi þar sem hann liggur yfir Klapparós.

Lyngi vaxnir og lágir árbakkar og sandeyrar. Talsvert mikið grjótnám er í Klapparhömrum rétt norðan við brúarleifarnar.

Leifar grjóthlaðinna brúarsporða sjást beggja vegna Klapparóssins. Eru báðir um 2-2,5 m á lengd og um 1,5 m á breidd. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Brekka, 3

*Leifar brúar NP-068:019 við Klapparhamra.
Horft til suðurs.*

NP-068:022 heimild um fjárskýli

66°17.265N 16°25.717V

“Austur frá flugvellinum austan við veginn, er graslendi og sandbörd, sem heitir Brekkubára. Syðst í bárinni voru Borgartættur. Þar var fjárborg. ... Nú er þetta svæði girt og verið að hefta sandfokið og græða landið upp.” segir í örnefnaskrá. Borgartættur voru beint vestur af núverandi íbúðarhúsi á Brekku, fast við þjóðveginn. Þær eru nú horfnar vegna sandfoks.

Uppgrædd sandalda. Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Brekka, 5

NP-068:024 Kastalabrá heimild um brú

66°16.676N 16°24.114V

“Þarna í Þrengslunum var til forna og fram yfir aldamót brú á Ósnum, sem öll umferð var yfir og hét Kastalabrá. Nafnið er dregið af háaum hól vestan við Borgarás í landi Presthóla. Hann heitir Kastali.” segir í örnefnaskrá. Kastalabrá var á Klapparósnum um 310 m austan við þjóðveg, n.t. þar sem nú er rafstöð sem byggð var 1950.

Farvegur Klapparóssins sem víðast er frekar breiður, þrengist talsvert þar sem rafstöðin er. Rafstöðin er á norðurbakkanum. Árbakkarnir eru grasi- og lyngi vaxnir.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Brekka, 6

NP-068:036 tóft 66°16.660N 16°24.444V



Tóft NP-068:036. Horft til Suðurs.



Tóft NP-068:036.

Tóft er á norðurbakka Klapparóss, um 70 m austan Þjóðvegjar þar sem lón hefur myndast. Um 240 m norðvestur af Draugalág (NP-070:010).

Grasi gróinn árbakki. Tóftin er einföld, um 11 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er mest 0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NP-070 Presthólar

Kirkjustaður. Eyðihjáleigur 1712 voru Katastaðir, Þúfugerði og Lónshús. JÁM XI, 330-331. Nýbýli Hrauntún 1956.

1712: “Engjatak á staðurinn í Húsmyri, sem Jökulsá hefur spillt með sandsáburði ... Túnið er þýft og seinunnið. Engjar öngvar í heimalandi, nema hvað hent er úr úthögum í rauðbreykskýngum. Úthagarnir eru nægir.” JÁM XI, 330. “Bæði túnin eru mikið þýfð, samt grasgefin þegar bærilega fellur. Presthólaengjar standa norðan til við Efrihóla, eru sléttar en allar undir vatni nema í aftaka þurrkaárum. Efrihólaengjar standa lítið austar og eru jafnþurrari.” SSP, 236 1920: Tún 4 ha, 2 ha slétt, garðar 240m¹. “Jörðin hefur alltaf þótt farsæl, einkum fyrir sauðfé. Hún er landstór til heiðar og landið er gott til beitar og sérlega góð bitfjara á hraunflúðum við sjóinn ... Presthólar standa í Rauðhólahrauni og verður því tún ekki stækkað meira heima við, en niður undir sjó og sunnan hrauns eru ágætlega grónir ásar, vaxnir lyngi og kjarri og er það hið besta land undir tún og eru þar nú stórar nýrækir, unnar og í vinnslu. ... Austan Katastaðafjalls eiga Presthólar engi á mýrum.” LF, 428

NP-070:008 varða 66°16.635N 16°24.135V
“Verður þá byrjað við Klapparós og haldið þar suður með sjó til merkja móti Valþjófsstöðum. Klapparós er kaldavermslkvísl, sem kemur að nokkru upp í hrauninu sjálfu, en að nokkru í Katastaðafjalli, sprettur það upp rétt suður af bænum. Yzt við hann sunnan verðan er Borgarás, allmikil hæð, sem Klapparós beygir norður fyrir, er grýttur að ofan en gróinn í hlíðum.” segir í örnefnaskrá. Borgarás er um 1 km norðvestur af Katastöðum 071:001. Ekki sést til fornleifa á eða við Borgarás fyrir utan vörðu sem stendur nyrst á honum.

Uppgróið melholt.

Varðan hefur sennilega verið hlaðin upp nýlega og er um 1 m á hæð og 0,5 m á breidd að neðanverðu. Heimildamaður telur að ásinn dragi nafn sitt af áberandi kletti sem er fast vestan við ásinn að sunnanverðu sem kallaður er Kastali.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Presthólar og Katastaðir, 2




Varða á Borgarás NP-070:008. Horft til austurs.

NP-070:009 Lónshús bæjarstæði býli



Lónshús NP-070:009, horft til suðvesturs.



Tóft NP-070:009

1712: “Lónshús, önnur eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni niður við lónið og hafa nú í eyði legið undir 30 ár.” “Norðan og austan við lónin eru Lónshús, gamalt eyðibýli. Tættarnar eru nú að mestu komnar undir veg.” segir í örnefnaskrá. Lónið (Presthólalón) sem Lónshús heita eftir er um 1.6 km vestsuðvestan við

Katastaðabæinn 071:001. Lónshús voru austarlega við norðurenda lónsins og eru tóftirnar nær alveg horfnar undir þjóðveginn.

Uppgróið hraun - melgresi við lónið en mói austan við veg.

Þegar vegurinn var lagður var það gert beint yfir bæjartóftin og hún og flestar aðrar verið skemmdar mikið, þó má sjá þústamyndanir í gróinni lægð sem liggur SV-NA frá Lóninu að veginum og sennilegt að einhverjar rústir hafi varðveist þar þó ógreinilegar séu. 25-30 m V af þjóðveginum að Kópaskeri má greina hringlaga tóft, nálægt 3x3 m að ummáli (að utan) en hún er mjög sokkin. Mest hleðsluhæð er 0,2 m og ekkert grjót er sjáanlegt. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Þar sem að hinn nýi vegur mun liggja á sama stað og sá gamli, beint yfir tóftirnar, er staðurinn í mikilli hættu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM XI, 331; Ö-Presthólar og Katastaðir, 3

NP-070:010 Draugalág örnefni

66°16.507N 16°24.231V

“Verður þá byrjað við Klapparós og haldið þar suður með sjó til merkja móti Valþjófsstöðum. Klapparós er kaldavermslkvísl, sem kemur að nokkru upp í hrauninu sjálfu, en að nokkru í Katastaðafjalli, sprettur það upp rétt suður af bænum. Yzt við hann sunnan verðan er Borgarás, allmikil hæð, sem Klapparós beygir norður fyrir, er grýttur að ofan en gróinn í hlíðum. Vestan undir honum, sunnan til, er allhár blágrýttisstöpull, sem heitir Kastali; þar norður af er svonefnd Draugalág, gjáveggur, sem hægt er að rekja með köflum norður í Rauðanúp og suður í Valþjófsstaðafjall.” segir í örnefnaskrá. Dokkin er um 300 m suðaustur af brúnni á þjóðveginum yfir Klapparós.

Lyngmói og lág, hálfgróin holt.

Dokkin er ílöng, frekar grunn og grasi gróin. Hún liggur norður-suður frá Kastala.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Presthólar og Katastaðir, 2

NP-070:015 Svarðarmýri tóft mógrafir


66°15.552N 16°24.834V

“Norðan Presthólaborgar [014] rennur lækur í sjó, sem heitir Saltneslækur. Þessi lækur er hér rétt sunnan við túnið í tvennu lagi, rennur gegnum smámýri, sem heitir Svarðarmýri.” segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru um 25 m austan við þjóðveginn að Kópaskeri. Þar hafa verið nokkuð miklar svarðargrafir báðu megin við lækinn. Um 30 m austan við þjóðveginn að Kópaskeri, þar sem nýju vegurinn mun liggja, er greinileg tóft eftir mókofa, á þurru holti milli mógrafanna. Mógrafirnar og mókofinn eru því nálægt framkvæmdasvæðinu.

Blautur þýfður gróinn mói og hafa sumar grafirnar fyllst af vatni. Mókofatóftin er á þurru og grýttu klapparholti í



NP-070:015, mókofi horft til norðurs



Tóft NP-070:015, mókofi

annars mjög blautum og þýfðum móa.

Mógrafirnar sunnan við læk, sem rennur til sjávar á þessum slóðum. Þær eru a.m.k. 30x30 m að stærð, mjög blautar og fullar af vatni. Mógrafir norðan lækjar eru ógreinilegri, ná yfir a.m.k. 15x15 m svæði. Tóftin er

10x5,5 m að utanmál, Hún er einföld og opin til suðurs. Í austur-langvegg er nokkuð rof og er hann hærri en aðrir veggir, mest um 0,6 m. Nokkuð grjót sést í tóftinni þó engar hleðslur séu greinilegar. Veggjaþykkt er um 1 m, nema að sunnanverðu í vestari langvegg þar sem veggjaþykktin er um 1,5 m. Jón Þorgrímsson ábúandi og fyrrum bóndi að Presthólum (flutti þangað 1937) man eftir því þegar mógrafirnar voru notaðar og sótti sjálfur mó í mókofann.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Presthólar og Katastaðir,

4



NP-070:015, mógrafir sunnan lækjar horft til suðausturs

NP-072 Valbjófsstaðir

15 hdr 1712, bænhús var á jörðunni. Hjáleigur 1712: Fellshús og Einarstaðir í byggð, Kjarnagerði í eyði. “Valbjófsstaðir I og Valbjófsstaðir II hafa verið sameinaðir í eina jörð, Valbjófsstaði I, með þrjá fjórðu af landi Valbjófsstaða. Valbjófsstaðir III og Vin með fjórðung. Land óskipt.” Land og fólk 2003, 276.

1712: “Engjar mjög litlar í heimalandi og valla frammar en til úthaga að telja.” JÁM XI, 328 “Tún er fremur slétt en þýft. Engjar eru fyrir norðan túnið, litlar og gagnslaugar.” SSP, 237. 1920: Tún 4,8ha, um 3,6 ha sléttað. “Er landið fremur þröngt, því fjallið stelur úr víddinni. Verður úr því mjó ræma norðan fjallsins, en austan við það breikkar landið, og er þar kjarnaland til beitar fyrir sauðfé, en nær býlum er það fremur létt. Gripahagar eru þar góðir.” LNP, 109. “Suðaustur og upp af bæjunum rís Valbjófsstaðafjall, allmikið um sig með hlíðar víðast vel grónar en gróðurlítið hið efra. Austan fjallsins eru vel grónir móar og grasi grónar dokkir. Ræktunarland er nægilegt nærri bæjum enda búið að rækta þar stór tún. “Þýfi” heitir mýrlandi allmikið austur af bæjunum og nær allt að eyðibýlinu Einarsstöðum og var áður nýtt sem engjar en nú sem beitiland. Mikið hefur verið gerð af því að rækta upp mela í landinu á undanförunum áratugum.” Land og fólk 2003, 276

NP-072:009 heimild um lendingu

66°14.131N 16°25.866V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er getið um lendingu á Valbjófstöðum : “Heimræði er hjer og skipsuppsátur gott, en útgrynni mikil og lending brimsöm, og verða því svipul aflabrögðin.” Lendingin var þar sem lækur, sem rennur sunnan við heimreiðina, rennur til sjávar. 50 metrum vestur af þjóðveginum að Kópaskeri. Þar er fjaran mjög sendin og hefur bæst þar við mikill sandur síðustu áratugina. Lendingin var þar sem gróin fjaran mætir sandfjörinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:JÁM XI, 328

NP-072:010 heimild um uppsátur

66°14.131N 16°25.863V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er getið um uppsátur á Valbjófstöðum : “Heimræði er hjer og skipsuppsátur gott, en útgrynni mikil og lending brimsöm, og verða því svipul aflabrögðin.” Lendingin var þar sem lækur, sem rennur sunnan við heimreiðina, rennur til sjávar. Þar er fjaran mjög sendin og hefur bæst þar við mikill sandur síðustu áratugina. Lendingin var þar sem gróin fjaran mætir sandfjörinni. Halldór Sigurðsson og Kristveig Björnsdóttir, heimildamenn kannast ekki við uppsátrið. Það hefur þó líklega verið ofan við lendinguna þar sem er gróinn melur, nokkuð þýfður og gæti tóftin verið sokkin þó hennar sjáist engin ummerki núna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:JÁM XI, 328

NP-072:013 Borgartangi örnefni fjárskýli

66°14.055N 16°25.976V

“Sunnan Bæjarfjörú gengur dálítill grjóttangi fram, sem heitir Borgartangi. Hann dregur líklega nafn af fjárborg við sjóinn, þótt engin merki sjáist hennar nú.” segir í örnefnaskrá. Borgartangi er fast vestur af þjóðvegi. Halldór Sigurðsson og Kristveig Björnsdóttir, heimildamenn, hafa ekki fundið neina tóft af fjárborginni, og hafa ekki heyrt hvar hún kynni að hafi verið nákvæmlega.

Tanginn er sendinn, en samt nokkuð gróinn, nær fram í sandfjöruna, mjög stutt frá lendingunni 009.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Valbjófsstaðir og Einarsstaðir, 2

NP-072:014 Dys legstaður

66°14.704N 16°25.471V

“Upp af Magnavíkinni, norðan við Valbjófsstaðaá, er grjótdyngja, sem nefnd er Dys; þar á að vera dysjaður maður, en aldrei hefur það verið rannsakað. Halldór hefur heyrt, að þarna sé Valbjófur landnámsmaður heygður”, segir í örnefnaskrá

Dysin er aflöng þúst, snýr A-V um 70 m vestur af þjóðvegi að Kópaskeri. Rúmlega 1km NV frá bænum, 001.

Svæðið milli þjóðvegjar og sjávar er nokkuð sendið, en þó er gróið í kringum dysina, sem stendur greinilega uppúr nokkuð láglendu og grónu svæði.

Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður getur um dysina í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags



NP-072:014, Dys, horft til suðvesturs

árið 1924: “Á hægri hönd við veginn frá Presthólum inn að Öxarnúpi utanvert við Magnavík, skamt fyrir norðan Valþjófsstaði og skamt frá flæðarmáli, virðist vera forn dys.” Matthías friðlýsti dysina og í Friðlýsingaskrá segir þetta um hana: “Valþjófsstaður. Forn dys á hægri hönd við veginn inn að Axarnúpi, utanvert við Magnavík, skamt fyrir norðan Valþjófsstað og skamt frá flæðarmáli. Dysin er stór, 16-18 m löng og 8-10 m breið þar sem hún er breiðust. Hæð hennar er 0,6-0,8 m há þar sem hún er hæst. Öll gróin, ekkert grjót í eða fast við hana.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:MP: “Smávegis”, Árbók 1924, 56; Ö-Valþjófsstaðir og Einarstaðir, 2; Friðlýsingaskrá, 54

NP-072:015 *Goðasteinn* heimild

66°14.772N 16°25.263V

“Úti á merkjum móti Presthólum er svo Goðasteinn. Þar eru nokkrar rústir í kring. Hann stendur rétt austan þjóðvegjar.”, segir í örnefnaskrá. Goðasteinn er 50 m austur af núverandi þjóðvegi til Kópaskers, staðsettur á landamerkjum Valþjófsstaða og Presthóla. Halldór Sigurðsson telur hóllinn, hafa heitið Goðhúsahóll. Örnefnið sá hann í elsta landamerkjabréfi fyrir bæinn sem hann hefur fundið.

Í aflíðandi grónum mel, nokkuð þýfðum, sem hallar mót vestri í átt að veginum og vestar sjónum.

Hinn meinti Goðhúsahóll er aflangur, 25 m langur og 15 m breiður, snýr norður-suðurs. Nokkur grjóthella er efst á honum og hefur brotnað úr henni grjót sem liggur efst í hólnum. Þar er nokkuð grjót en ekki var að sjá neina greinilega hleðslu. Engar tóftir var að sjá kringum hóllinn en geta hinsvegar vel leynst undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Valþjófsstaðir og Einarstaðir, 2



NP-072:015 *Goðasteinn, horft til austurs*

NP-072:029 *Naustá* örnefni naust

66°13.370N 16°27.389V

“Naustá kemur hér fyrst að austan og síðan rennur hún til vesturs norðan við túnið.”, segir í örnefnaskrá Halldór Sigurðsson og Kristveig Björnsdóttir hafa heyrt að nafn Naustárinnar sé dregið af nausti en engin sem rætt var við hafði heyrt hvar það naust var staðsett. Ef naust hefur verið við ána hlýtur það að hafa verið nálægt sjó. Áin fellur fram af klettum í sjó fram og er þar mjög ólíklegur lendingarstaður. Áin gæti hafa skipt um farveg á einhverjum tímamarki. Nákvæm staðsetning á hugsanlegu Nausti við Naustá er því ekki kunn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Daðastaðir, 5

NP-075 Daðastaðir

12 hdr 1712. Munkaþverárklausturseign Þjófastaðir hjáleiga í byggð 1712, Kleifargerði og Þórstaðastekkur eyðihjáleigur.

1712: “Enginu spillir nokkuð Jökulsá í jökulhlaupum með grjóts og sands áburði, og fyrir 5 árum eyðilagði hún góðan engjapart. Úthagarnir eru hrjóstrugir og haglitlar fyrir stórgripi, og neyðast menn því til að beita engið á sumrin.” JÁM XI, 325 “Túnið er meiripartinn slétt, engjar eru þar skammar eitt fyrir neðan, sem er þrífyrnt flatlendi og nær að ofanverðu suður undir neðri Núpsendann beint til vesturs í sjó. Er fremur votlent, en þó nokkuð grasgefið ...” LNP, 237. 1920: Tún 3,2 ha, um 2 ha sléttað. “Á jörðin land vestur að Brunná og suðaustur á Öxarnúp og norður að sjó frá Brunnárós og að Naustárfossi. Landið allt ofan við “Björgin” er ýmist mólendi eða berir, blásnir melar, en neðan við þau heitir Daðastaðamýri. er þar allvíðlendur mýrargróður og lauf innan um hann. Landið er gott til beitar fyrir allan búspening. ... Jörðin á talsvert engi á Daðastaðamýri. Er það aðstaða til fyrirhleðslu og dágott vatn til uppistöðu, enda er hey gott og hollt til gjafar.” LNP, 106. “Þetta er allstór og landgóð jörð. Bærinn stendur í dalverpi austan undir Öxarnúpi og er bærinn rétt undir brekkum hans. Í vestur, nær sjó, er víðáttumikið mýrlandi, vel gróið og nær allt að björgum er byrja við sjó og ná allt að björgum er byrja við sjó og ná allt að Núpum. ... Jörðin á ágætt ræktunarland og er það á þurrum lyngmóm og ásum.” Land og fólk 2003, 272

NP-075:005 *Buðlungahöfn* heimild um lendingu 66°12.986N 16°27.925V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir: “Heimræði er hjer og lending góð, og mega gánga so mörg skip sem ábúandi fær við komið.” Í Landi og fólk frá 2003 segir ennfremur: “Nyrst þar sem fjörusandur endar, er gömul höfn, Buðlungahöfn. Þaðan var róið til fiskjar um langa hlíð.” Á staðinn er einnig minnst í örnefnaskrá: “Skammt sunnan við Strandbás er Buðlungahöfn. Þaðan var nokkuð sóttur sjór fyrr á árum og þótti allgóð lending.” Höfnin er í sandkrika um 100 m vestur af núverandi þjóðvegi. Ef fyrirhugaður Norðausturvegur verður lagður vestan við núverandi þjóðveg eins og hugmyndir hafa verið uppi um mun hann liggja fast við höfnina. Þarna er mjög sendin fjara, ekkert grjót og er að sjá að þetta hafi verið mjög góður lendingarstaður.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:JÁM XI, 325; Ö-Daðastaðir, 8; Land og fólk 2003, 272

NP-075:015 *Sveltingsgötur* gata leið 66°12.501N 16°37.752V

“Frá bænum lágu götur þvert vestur yfir túnið upp á Bæjarásinn austanverðan. Þar greindust þær í Sveltingsgötur, sem lágu út austan í ásinum, út fyrir Náttmálahól og beygðu þar þvert í vestur niður með Olnbogadokk að sunnan, norðan við Olnboga og niður á Svelting. Þetta var jafnframt hin venjulegasta leið, þegar var farið suður í Axarfjörð.” segir í örnefnaskrá. Akvegurinn að Kópaskeri er rétt utan vestan við Svelting. Sveltingsgötur liggja samhliða núverandi heimreið, eru aðeins sunnar en heimreiðin, og liggja vestur túnið og síðar yfir mela. Rétt áður heimreiðin kemur niður á Norðausturveg að Kópaskeri sveiga Sveltingsgötur í suður og liggja þær yfir holtið og niður Svelting og beygja þar til suðurs.

Í Lýsingu Norður-Þingeyjarsýslu segir: “Frá Daðastöðum liggur forn reiðvegur suðvestur á Kleifargerði og þar niður fyrir “Björgin” og svo suður með Öxarnúp að vestan. Bifreiðarvegur liggur og þaðan til norðvesturs á Kópaskersveg, er hann kemur upp á “Björgin”. Þar heitir Sveltingur.”

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Daðastaðir, 3, 4; LNP, 107

NP-075:016 *Miðgötur* gata leið 66°12.656N 16°27.609V

“Miðgötur lágu frá Sveltingsgötum austan á ásnun, þvert vestur yfir ásin, niður sunnan við Beinagerðismel, framan við Beinagerðisbolla, niður hjá Nautaklauf.” segir í örnefnaskrá. Miðgötur liggja norður af heimreiðinni frá Daðastöðum og áfram norður meðfram túninu samhliða núverandi akvegi, 30-50 m austan hans.

Á mótum túns og þýfðs móa.

Miðgötur eru mjög greinilegar frá Sveltingi sjá 015 og heimreiðinni að Daðastöðum. Þær liggja til N frá heimreiðinni um 50 m austan þjóðvegarins að Kópaskeri og liggja samhliða veginum til norðurs, minnst 30 m austur af honum. Þær liggja að hluta til yfir slétta og senda móa og að hluta til innan túns.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Daðastaðir, 3



NP-075:034, tóft A, horft til suðausturs

NP-075:034, tóft B, horft til vesturs



“... á Buðlungamel [sjá 005] eru grunnveggir, sem nefndir eru Aðalsteinn. Heitir svo, því þennan skúr byggði Aðalsteinn Kristinsson, sem verzlaði á Húsavík. Þarna ætlaði hann að hafa þungavöruafgreiðslu, en ekkert varð úr því.” segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru um 200 m vestur af Þjóðveginum til Kópaskers, en 150 m vestur af fyrirhuguðu vegastæði Norðausturvegar. Tvær tóftir eru á þessu svæði, hér eftir nefndar A og B. Tóft A stendur á grónum sandhól, en tóft B stendur á sléttri sandöldu, einnig gróinni. Tóft A er næst sjónum og er hún nokkuð minni en B, eða 4x4,5 m að utanmáli. Tóftin er grjóthlaðin, mest 2 umför. Heillegar hleðslur eru í austur- og norðurvegg en litlar sem engar veggjaleifar að vestan og sunnan. Að norðan er eins og hrun úr veggjunum hafi safnast saman fast við vegginn. Tóft B: er 14 m norðan við tóft A. Hún er 8x8 m stór, og er ferkantaður hlaðinn grunnur, og er hleðsla eftir honum miðjum. Norðan við eru leifar af hleðslugrjóti. Hleðslur í B eru mest 2 umför.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir, 8


Tóftir NP-075:034 A og B

“Beinagerðismelur er vestur af Miðgötuholttum. Beinagerðisbolli er sunnan í Beinagerðismel, þar eru tóftir, sem sjálfsagt hafa verið hið forna Beinagerði.” segir í örnefnaskrá. Í Lýsingu Norður-Þingeyjarsýslu segir enn fremur um sama stað “Norðvestur af Þjófsstöðum eru tvö eyðibýli, er heita Bjarnagerði og Beinagerði. Veit nú enginn nær þar voru byggð ból.” Beinagerði er um 70 m austur af Þjóðveginum að Kópaskeri. Nálægt 1,5 km NV frá 001.

Þýfður og lyngi vaxin mói.

Á þessum stað er greinileg ein bæjartóft, umlukin túngarði. Vel gæti verið að fleiri tóftir leyndust innan túngarðsins, erfitt að greina mishæðir vegna þess að svæðið er á kafi í lyngi. Tóftin er nokkuð greinileg, 8x7 m að utanmáli og skiptist hún upp í fjögur hólf. Syðst er eitt stórt hólf og er engin veggur sjáanlegur á því hólfu að

austan. en að norðanverðu skiptist tóftin í 3 minni hólf. Ekki er opið á milli stóra hólfins að sunnanverðu og minni hólfanna að norðan en hinsvegar er opið á milli tveggja austustu hólfanna að norðanverðu. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m, en ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni. Túngarðurinn liggur í hring og afmarkar svæði sem er 55x55x m að stærð. Innan túngarðs, fast við vesturhlið hans eru leifar af öðrum garði, sem liggur N-S, nær frá suðurhlið túngarðsins, 18 m til norðurs þar



Tóft NP-075:038 Beinagerði

sem hann hverfur, breidd hans er aðeins tæplega 1m og er hann enn ógreinilegri en aðalgarðurinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ó-Daðastaðir, 11; LNP, 106



NP-075:038, bæjartóft, horft til norðvesturs

NP-075:042 gata leið

61°26.24N 16°27.605V

Greinilega götur sjást liggja frá Miðgötum 016, upp til suðausturs í áttina að Daðastöðum, Arnórsstöðum og Þjófastöðum.

Vestast liggja þær í austur upp túnið og síðan upp grónar hæðir.

Einn greinilegur slóði upp hæðina, sennilega heimreið.

Hættumat: engin hætta

NP-631 Forleifar á fleiri en einni jörð

NP-631:006 vegur leið

66°15.816N 16°24.729V

Þjóðleið um sveitina frá Daðastöðum (um Svelting) og að Kópaskeri lá á svipuðum slóðum og núverandi akvegur og er greinanlegur víða á rétt austan við þjóðveginn. Á einstaka stað má sjá slóða vestan við veginn þannig að á einhverjum stöðum hlykkjast hann beggja megin við akveginn.

Meðfram núverandi akvegi eru yfirleitt melar og hefur vegurinn (þar sem sést til hans) legið um þá.

Slóðinn er nokkuð breiður, sennilega notaður sem kerruvegur eða jafnvel akvegur áður en núverandi vegur var byggður. Vegurinn er í stórhættu því ljóst er að einhver hluti hans mun eyðileggjast er akvegurinn verður endurbyggður.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

5. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á og í næsta nágrenni framkvæmdasvæðis Norðausturvegar eru 22 minjastaðir þekktir, sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgir. Ljóst er að hluti þessara staða er ekki í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri minjar leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði.

Í eftirfarandi umfjöllun mun vegarstaðinu fylgt frá Brekku og suður að Sveltingi. Greint verður frá þeim stöðum sem þekktir eru í og við vegarstaðið og hugsanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna og stungið uppá mögulegum mótvægisáðgerðum sem hægt væri að grípa til, til verndar fornleifum sem eru í eða í næsta nágrenni vegarstaðisins. Rétt er að minna á að Fornleifavernd ríkisins mun úrskurða um það hvort áætlað vegarstaði sé ásættanlegt með tilliti til fornleifa á svæðinu, hvort hefja megi framkvæmdir á svæðinu og þá með hvaða skilyrðum.

Brekka (NP-068)

Í vestara Brekkuseli eru, auk bæjarrústarinnar sjálfrar (**NP-068:013a**), sex tóftir (**NP-068:013b-g**) og túngarður með þremur sambyggðum tóftum (**NP-068:013h**). Þessar fornleifar mynda saman menningarlandslag og er hluti þeirra í minna en 100 metra fjarlægð frá vegastaðinu. Þetta svæði verður að teljast sérlega viðkvæmt þar sem miklar líkur eru á því að fleiri fornleifar en þær sem sjást á yfirborði leynist þar í jörðu. Er lagt til að ekki verði látið nægja að merkja einstakar rústir, heldur verði svæðið afmarkað í heild.

Önnur fornleif í hættu í Brekkulandi er fjárskýli (**NP-068:022**). Skýlið, sem var fast við þjóðveginn, er á kafi í sandi en heillegar tóftir gætu leynst undir sandi að sögn Boga Ingimundarsonar ábúanda á Brekku. Þriðji minjastaðurinn í hættu á þessum slóðum er tóft á norðurbakka Klapparóss, um 70 m austan þjóðvegar (**NP-068:036**). Mikilvægt er að fornleifafraeðingur verði viðstaddur komi til framkvæmda á báðum minjastöðunum. Einnig má nefna Kastalabré (**NP-068:024**) og Brú (**NP-068:019**) þó þeir staðir séu í aðeins meiri fjarlægð en 100 m frá vegi og verður að merkja þá inná kort.

Presthólar (NP-070)

Norðaustan við svonefnt Prestahólalón, um 1,6 km frá Katastaðabænum, voru tættur

kotbýlisins Lónshúsa (**NP-070:009**). Þótt tóftirnar hafi að mestu horfið þegar þjóðvegur var lagður er ekki ljóst hvort þær hafi verið alveg eyðilagðar eða hvort þær hafi einfaldlega verið huldar jarðvegi. Ljóst er að vegurinn liggur beint yfir gömlu bæjartóftina og ógreinilegar minjar eru sjáanlegar fast vestan við veginn. Þessar fornleifar eru í stórhættu og lagt til að fornleifafræðingur verði viðstaddur framkvæmdir á þessum stað þegar/ef að kemur. Rétt 30 m austur af vegalínunni eru miklar mógrafir og tóft að mókofa (**NP-070:015**), sem eru í hættu vegna framkvæmdanna. Gæta verður að því að svæðinu verði ekki raskað við framkvæmdir.

Aðrar minjar í landi Presthóla sem eru utan við 100 m viðmiðið eru: Varða á Borgarás (**NP-070:008**) og Draugalág (**NP-070:010**). Þá staði verður að merkja inná kort.

Valþjófstadir (NP-072)

Af minjum í hættu vegna vegaframkvæmda á Valþjófstöðum ber fyrst að nefna minjar um lendingu og uppsátur (**NP-072:009/010**). Nákvæm staðsetning lendingarinnar er þekkt, við sandfjöru 50 m vestur af vegalínunni. Hinsvegar er ekki vitað hvar uppsátrið var, þó sennilega hafi það verið nálægt lendingunni. Þessa minjastaði verður að merkja inná kort og verður að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins ef leifar af uppsátrinu kom í ljós við framkvæmdir. Borgartangi (**NP-072:013**) dregur nafn sitt af fjárskýli, en ekki er vitað hvar það var. Borgartangi er fast vestur af þjóðvegi og nær alla leið að sjó og gæti skýlið hafa verið hvar sem er á því svæði. Þarf því að sýna ýtrustu varkárni við framkvæmdir á þessu svæði og hafa samband við Fornleifavernd ef minjar koma í ljós. Dys (**NP-072:014**) er eina friðlýsta fornleifin á svæðinu. Hún er aðeins um 70 m vestur af vegalínunni og þ.a.l. í talsverðri hættu sökum framkvæmda. Leita verður allra leiða til að tryggja að fornleifin verði ekki fyrir hnjaski sökum framkvæmdanna. Sama má segja um Goðastein (**NP-072:015**) sem er 50 m austur af vegalínunni og er alls órannsakaður. Vandlega þarf að fylgjast með öllum framkvæmdum í nágrenni minjastaðsins þar sem líklegt er að við hann kunnist að leynast fornleifar undir sverði, enda í örnefnaskrá talað um að hleðslur sjáist við hólinn. Fornleif (**NP-072:029**) er skráð sem naust við Naustá en ekki er kunn nákvæm staðsetning þess.

Daðastaðir (NP-075)

Í landi Daðastaða er ekki ljóst hvar vegalínan verður nákvæmlega á svæði 13000-14500. Annarsvegar kemur til greina að halda veginum nokkurn vegin á sama stað og núverandi akvegur, en færa hann aðeins til austurs við heimreiðina að Daðastöðum (hér kallað verkflugmynd A). Hinn möguleikinn (verkflugmynd B) er að færa veginn vestur að sjónum frá Sveltingi og þá myndi vegurinn liggja nokkuð vestar en núverandi akvegur. Skráð er

höfnin Buðlungahöfn (**NP-075:005**) í landi Daðastaða sem vitað er að hefur verið lending um aldir. Ef fylgt er verkflugmynd A, og vegastæðið verður nær óbreytt, er lendingin í lítilli hættu. Ef verkflugmynd B verður fyrir valinu verður lendingin hins vegar í bráðri hættu og þarf að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins vegna hennar. Tvær tóftir eru á Buðlungamel (**NP-075:034**). Þær voru byggðar af manni sem ætlaði að stunda þar þungavöruafgreiðslu og er ekki ljóst hve gamlar þær eru nákvæmlega. Þær eru utan hættusvæðis miðað við verkflugmynd A en á mörkum þess að vera innan hættusvæðis ef verkflugmynd B nær fram að ganga. Komi til þess að vegurinn verði nálægt þeim þarf að merkja þær og gæta þess vandlega að þær verði ekki fyrir hnjaski. Þær eru hlaðnar úr grjóti og gætu auðveldlega hrunið saman ef stórvirkar vinnuvélar fara of nálægt þeim.

Hinar gömlu götur um Svelting (**NP-075:015**), sem lágu norðan frá bænum og beygðu til suður rétt ofan Sveltungs eru í hættu við heimreiðina ef verkflugmynd A nær fram að ganga og það sama má segja um Miðgötur (**NP-075:016**). Þessir staðir eru ekki í hættu verði verkflugmynd B fyrir valinu. Tóftir af býli sem talið er vera Beinagerði (**NP-075:014**) eru 70 m austur af þjóðvegi að Kópaskeri, og eru í hættu ef verkflugmynd A verður fyrir valinu en sleppa alveg ef vegurinn verður lagður við sjóinn. Þar er heill túngarður og bæjartóft innan hans. Gildir það sama um þetta bæjarstæði og önnur, þ.e. að talsverðar líkur eru á því að þar geti leynst fleiri mannvirkjaleifar en sýnilegar eru á yfirborði. Verði verkflugmynd A fyrir valinu þarf að merkja bæinn og túngarðinn greinilega til að vanda þessar fornleifar fyrir hnjaski. Greinilegar götur liggja frá Miðgötum og liggja þær til suðausturs í átt að Daðastöðum. Þær eru ekki í hættu (**NP-075:042**) hvort sem verkflugmynd A eða B verður fyrir valinu.

Fornleif (**NP-631:006**) er eldri þjóðleið um sveitina og liggur hún að hluta á svipuðum slóðum og núverandi akvegur. Ljóst er að hún mun vera í stórhættu vegna vegagerðarinnar þó svo að hlutar hennar hafi nú þegar verið eyðilagðir. Sækja verður um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess að svo megi verða.

6. Niðurstaða - Tillaga um aðgerðir

Að mestu hefur verið ákveðið hvar hinn nýi Norðausturvegur mun liggja þó er enn vafi með svæðið 13000-14500 og verður að hafa það í huga. Því er hættumat miðað við báðar verkflugmyndir og verður að taka tillit til þess þegar ákvörðun um vegarstæði hefur verið tekin.

Hér að neðan er greint frá þeim aðgerðum sem mögulega er hægt að grípa til ef fornleifar teljast í hættu vegna nálægðar við vegstæðið.

- Nauðsynlegt er að merkja minjastaði sem eru nálægt veglínunum, en lenda ekki í þeim. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Vakta þarf viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð o.þ.h. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegarstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Til þess þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Mögulegt er að óska eftir heimild Fornleifaverndar fyrir því að hylja fornleifar án þess að rannsókn með uppgreftri fari fram. Þetta kemur því aðeins til greina að tryggt sé að fornleifarnar skemmist ekki, að þær séu mældar upp nákvæmlega fyrst og að þær teljist ekki svo áhugaverðar að rannsókn sé nauðsynleg.

Fornleifavernd ríkisins sker endanlega úr um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. Hafa ber í huga þann möguleika að fleiri minjar leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru þekktar og sjást ekki á yfirborði.

7. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og að stöðva þurfi framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður fornleifanefndar er fenginn sbr. 20. gr. Þjóðminjalaga.

8. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997

Adolf Friðriksson: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997

Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1993

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þingeyjasýsla XI, Kaupmannahöfn 1943

KEKH2000: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Reykjavík 2000

LF 2003, *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, 2003.

LF, *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, 1985.

Oddgeir Hannsson og Uggi Ævarsson: *Fornleifakönnun. Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002

SSP: *Þingeyjarsýslur. Sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Reykjavík 1994

Óútgefnar heimildir

Túnakort 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Brekka, Örnefnaskrá Brekku. Ari Gíslason Skúli Skúlason og Kristján Eiríksson skráðu. Örnefnastofnun.

Ö-Valþjófsstaðir og Einarsstaðir: Örnefnaskrá Valþjófsstaða og Einarsstaða. Ari Gíslason, Skúli Skúlason og Kristján Eiríksson skráðu. Örnefnastofnun

Ö-Daðastaðir. Örnefnaskrá Daðastaða. Ari Gíslason og Kristján Eiríksson skráðu. Örnefnastofnun

Ö-Presthólar og Katastaðir. Örnefnaskrá Presthóla og Katastaða. Ari Gíslason, Kristján Eiríksson og Skúli Skúlason skráðu Örnefnastofnun.

Heimildamenn

Dagbjartur Bogi Ingimundarson

Guðrún Dagbjartsdóttir

Bryndís Alda Jónsdóttir

Jónas Þorgrímsson

Halldór Sigurðsson


Kristveig Björnsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðrún S. Kristjánsdóttir

8. Viðauki. Fornleifakort





072009072010

072013

0720270

072015

900139

070015



metrar

